

## AUGLÝSING

## um gjaldskrá fyrir sundstaðina í Reykjavík.

Einstakir miðar, fullorðnir .....	kr.	80.00
Einstakir miðar, börn .....	—	30.00
10 miða kort, fullorðnir .....	—	550.00
10 miða kort, börn .....	—	180.00
Gufubað .....	—	160.00
Leiga á handklæðum og skýlum .....	—	60.00
Sundnámskeið, 20 st. fullorðnir .....	—	2 000.00
Sundnámskeið, 20 st. börn .....	—	1 250.00
Íþróttafélög:		
16 ára og eldri, 10 miðar .....	kr.	250.00
Yngri en 16 ára .....	—	150.00

Börn innan 5 ára, sem koma í umsjá fullorðinna, fá ókeypis aðgang.

Gjaldskrá þessi, sem samín er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Með gjaldskrá þessari er úr gildi felld gjaldskrá nr. 240 23. maí 1975.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. maí 1976.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Hallgrímur Dalberg.*

Nr. 224.

1. júní 1976.

## AUGLÝSING

## um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á spærlings- og kolmunnamjöli fyrir tímabilið 1. maí til 31. október 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á spærlings- og kolmunnamjöli fyrir tímabilið 1. maí til 31. október 1976.

Spærlingsmjöl \$ 5.50 á proteineiningu í lest.

Kolmunnamjöl \$ 5.50 á proteineiningu í lest.

Verðbil verður 3%, miðað við verðhækkun eingöngu.

Verðin miðast við cif, og gerast upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, \$ 1.00 = kr. 182.10.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 1. júní 1976.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Gylfi Þórðarson.*